

**Ed.**

**119. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um ábyrgð rikissjóðs fyrir viðskiptum við Rússland.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar vill mæla með því, að tillagan verði samþykkt. Þó vill annar úr meiri hlutanum (IP), að ábyrgðarfjárhæðin í 2. lið tillögunnar verði færð úr 5 milljónum króna á árinu 1931 niður í 2 milljónir króna, og flytur hann sérstaka breytingartillögu um það.

Telur meiri hlutinn nauðsyn á því að hraða þessu máli, svo að 1. liður

tillögunnar, um ábyrgð rikissjóðs á síldarvíxlunum frá síðasta sumri, komist sem fyrst til framkvæmda.

. Minni hluti nefndarinnar (JÞ) hefir óhundið atkvæði um 1. lið þáttill, en er andvígur seinni liðnum.

Verður gerð nánari grein fyrir málinu í framsögu.

Alþingi, 9. marz 1931.

Ingvar Pálmason,  
form.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr., frsm. meiri hl.